

ÁRSSKÝRSLA

Byggðasafns Skagfirðinga

2016

Efnisyfirlit

Formáli	2
Ný starfsstöð	3
Starfsfólk	3
Sýningar og önnur miðlun	4
1 Greinar	4
2 Rannsóknarskýrslur	4
3 Smárit	5
4 Viðburðir	5
5 Erindi, ráðstefnur, viðtöl og aðrar kynningar	5
Opnunartími og aðgangseyrir	6
Safngestir	7
Safnkostur, söfnun og skráningar	7
1 Millisafnalán	8
2 LoCloud og Europeana	8
Óvissa í húsnæðismálum	8
Handhafi íslensku safnaverðlaunanna	9
Tyrfingsstaðaverkefnið og Fornverkaskólinn	10
Ýmis verkefni, viðhald, samstarf og þjónusta	12
Starfsemi Fornleifadeildar	14
1 Skagfirska kirkju- og byggðasögurannsóknin.....	14
2 Strandminjaskráning	15
3 Eyðibygðarannsóknir	15
Styrkir	16

Forsíðumyndin er tekin við afhendingu íslensku safnaverðlaunanna þann 13. júlí 2016, á Bessastöðum. Hún er fengin af heimasíðu FÍSOS – Félags íslenskra safna og safnmanna, á: <http://safnmenn.is/frettir/2763>. Á myndinni eru, talin frá hægri til vinstri: þáverandi forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson og fulltrúar starfsmanna Byggðasafns Skagfirðinga, þær Sigríður Sigurðardóttir, Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Inga Katrín D. Magnúsdóttir.

Aðrar ljósmyndir eru frá Byggðasafni Skagfirðinga.
Texti: Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir.
© Byggðasafn Skagfirðinga, 2017.

Formáli

Meðal umræðuefnis á farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna dagana 15.-16. september 2016 var staða safna undir yfirskriftinni *Söfn í þágu samfélags*. Rætt var um gæðaþróun og samræmt mat á söfnum og breyttar væntingar til safna, frá því þau voru stofnuð og til dagsins í dag. Upprunalegur tilgangur margra minjasafna var að varðveita menningarminjar „geyma gamla tíma“ til framtíðar. Í dag er fremur litið á söfn sem afþreyingu fyrir ferðamenn og fyrst og fremst horft til safnsýninga. Menn átta sig oft ekki á mismuninum á söfnum og sýningum og væntingar manna eru því áþekkar til starfsemi safna, setra og sýninga þrátt fyrir að töluverður eðlismunur sé á starfseminni (eins og fjallað var um í formála ársskýrslunnar 2015). Vegna breyttra aðstæðna og væntinga þurfa söfnin því, mörg hver, að uppfæra skilgreind hlutverk sín og vinna af fagmennsku í þágu síns samfélags, óháð fjölda gesta sem þau sækja.

Reynsla flestra safnmanna er sú að stjórnmalamenn, hvort sem þeir sitja í sveitarstjórnnum eða á þingi, setja sig sjaldan inn í starfsemi safna, í hvers eigu sem þau eru. Fulltrúar, sem kjörnir eru til setu í sveitarstjórnnum og valdir til að stýra söfnum sem rekin eru af sveitarfélögum (eins og t.d. flestum byggðasöfnunum) þurfa að þekkja fyrir hvað þau standa og hvernig best er að haga rekstri þeirra þannig að þau geti starfað með eðlilegum hætti. Mjög mikilvægt er að safneigendur lúti safnalögum, sem kveða t.d. á um að eiganda beri að sjá til þess að kvaðabundin starfsemi safns sé fullfjármögnuð, hvort sem um geymslur, rannsóknir eða miðlun er að ræða. Á farskólanum kom fram að kjörnir fulltrúar beri það stundum fyrir sig að rekstur minja- og listasafna sé ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaga, en hafi safn á annað borð verið stofnað geta þau ekki firrt sig ábyrgð á þeim.

Safnafólk þarf að skapa umræðu um málefni safna og efla vitund samfélagsins um starfsemi þeirra og möguleika. Útskýra þarf einnig fyrir seljendum ferðaþjónustu fyrir hvað söfnin standa og hafa það samtal á forsendum beggja. Skemmtanagildi og fagleg vinnubrögð eiga að geta haldist í hendur. Reynslan sýnir að fjölgun safngesta hefur bein áhrif á rekstur safna, bæði til fjölgunar starfa, meiri umsýslu, öflugri rannsókna og betri forvörslu en einnig til meiri álags og viðbragða við því.

Sigríður Sigurðardóttir.

Ný starfsstöð

Þjóðminjasafn Íslands gerði samning við Byggðasafn Skagfirðinga þann 1. júní 2016, þess efnis að Byggðasafnið tæki við staðarvörslu á Víðimýri og rekstri kirkju, aðstöðuhúsa og íbúðarhúss. Fyrir gerð samningsins var Einar Örn Einarsson staðarvörður á Víðimýri og var samið við hann um áframhaldandi störf.


Aðrar starfsstöðvar safnsins voru sem fyrr í Minjahúsinu á Sauðárkróki, Gilsstofu, Áshúsi og gamla torfbænum í Glaumbæ en afnot af honum eru sömuleiðis bundin rekstrar-samningi milli Þjóðminjasafns Íslands og Byggðasafns Skagfirðinga.

Starfsfólk

Alls voru 18 manns að störfum hjá safninu á árinu 2016, í 7,77 ársstöðugildum. Þar af voru fimm starfsmenn í 4,8 stöðugildum allt árið. Í heilsársstöðum voru: Bryndís Zoëga, verkefnastjóri, Guðný Zoëga, deildarstjóri fornleifadeildar, Inga Katrín D. Magnúsdóttir, kynningar- og fræðslufulltrúi og Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri. Verkefnaráðnar voru fornleifafræðingarnir Lísabet Guðmundsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Guðmundur St. Sigurðarson, fornleifafræðingur, sem unnið hafði við safnið frá 2003 hætti störfum 1. júní og flutti sig til Minjastofnunar Íslands.

Safn- og staðarverðir voru tíu. Þeir voru: Antoine Millet, Berglind Róbertsdóttir, Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, Ísak Róbertsson, Philip Adrian Kvalvik, Rakel Eir Ingimarsdóttir, Swanhild Ylfa K. R. Leifsdóttir, Þorsteinn Jónsson, Þórhallur Sigurjónsson og Einar Örn Einarsson á Víðimýri.

Auk þeirra voru 26 sérfræðingar og nemar frá háskólanum í Massachusetts, Boston (UMassBoston) sem stunduðu byggða- og kirkjusögurannsóknir í Hegranesi og víðar í samstarfi við safnið sumarið 2016. Í Áskaffi voru átta starfsmenn og fimm iðnaðar- og handverksmenn unnu fyrir safnið í hinum ýmsu aðgerðum og viðgerðum.



Grafið sýnir fjölda einstaklinga í safntengdum störfum á árunum 2006-2016.

Kathryn Catlin, doktorsnemi í fornleifafræði hjá Northwestern háskóla í Chicago, hefur haft starfsaðstöðu á safninu frá því í júlí til að vinna að doktorsritgerð sinni um fornleifarrannsóknir í Hegranesi, sem unnar eru með styrkjum úr bandarískum rannsóknarsjóðum.

Sýningar og önnur miðlun

Safnið er með sýningar í þremur húsum: Áshúsi, gamla bænum í Glaumbæ og Minjahúsinu á Sauðárkróki. Sýningarnar fjalla um: mannlíf í torfbæjum 1850-1950, 300 ára kaffisögu, Moniku á Merkigili, sparistofu 1920, gler- og plastvæðingu eldhúsanna, nytjalist, iðnverkstæði á Sauðárkróki (tré-, járn-, úr- og söðlasmíðaverkstæði) og fleira.

Fimmtíuþúsund bjarleiðsagnir á 12 tungumálum um gamla torfbæinn í Glaumbæ voru gefnar út, til leiðsagnar gestum.

1 Greinar

Guðný Zoëga, í samstarfi við Dr. Kimmarie Murphy, skrifaði greinina **Life on the edge of the arctic. The bioarchaeology of the Keldudalur cemetery in Skagafjörður, Iceland** sem birtist í tímaritinu *International Journal of Osteoarchaeology*.

John M. Steinberg, Douglas J. Bolender og Brian N. Damiata, sem hafa stundað rannsóknir á landnámi Langholts í Skagafirði um árabíl, birtu grein um rannsóknir sínar í the Journal of Archaeological Sciences. Greinina er að finna á: <http://www.tandfonline.com/.../10.-1080/00934690.2016.1203210>.

2 Rannsóknarskýrslur

Þrettán rannsóknarskýrslur voru gefnar út á árinu.

Þær eru:

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags - Melgerðisás, Akureyri. Guðmundur St.

Sigurðarson, Bryndís Zoëga 2016/160.

Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Fljótum í Skagafirði. Guðmundur St.

Sigurðarson og Bryndís Zoëga. 2016/161.

Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar IX – byggðasögurannsókn. Guðný Zoëga, Kári

Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. 2016/162.

Keflavík and Ás on Hegrans: Fornbýli (abandoned farm) Test Excavations. Interim report. Kathryn Caitlin. 2016/163.

Hegransþing on Hegrans: Geophysical Prospection. Interim Report. 2013-2015.

Brian N. Damiata, John Steinberg, John Schoenfelder, Douglas J. Bolender. 2016-164.

Hegrans Settlement Survey: Interim Report 2015. Douglas J. Bolender, John

Steinberg, Brian Damiata, Guðný Zoëga. 2016/165.

Fornleifaskráning á Héraði 2015. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga 2016/166.

Geophysics and Coring at Vellir. John Steinberg, Brian N. Damiata, Kathryn A. Caitlin og John W. Schoenfelder. 2016/167.

Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Langholti. Bryndís Zoëga 2016/168.

Hegrans Settlement Survey: Early Modern and Modern Period Report 2015. Eric

Johnson, Douglas Bolender, Brian Damiata, John Steinberg. 2016-169.

Strandminjar við vestanverðan Skagafjörð 2. áfangi. Bryndís Zoëga 2016/170.

Egg on Hegrans: Geophysical Prospection, Coring and Test Excavations. Report

2016. John M. Steinberg, Brian N. Damiata, Rita S. Shepard, Kathryn Caitlin og John Schoenfelder. 2016/171.

Keflavík on Hegrans: Cemetery Excavation. Interim Report 2016. Guðný Zoëga og Douglas Bolender. 2016/172.

Rannsóknarskýrslur safnsins eru aðgengilegar á Gagnabanka á heimasíðu safnsins www.glaumbaer.is undir *Rannsóknarskýrslur*.

3 Smárit

Nítjándi smáritið kom út og fjallar það um álagabletti í byggðum Skagafjarðar. Það nefnist *Álagablettir og álfabyggðir. Bönn og boðskapur*. Höfundur þess er Inga Katrín D. Magnúsdóttir, þjóðfræðingur. Smáritið er prentað í nokkrum eintökum en það er einnig aðgengilegt í Gagnabanka heimasíðunnar á: <http://www.glaumbaer.is/static/files/-Gagnabanki/xix-alagablettir-netutgafa.pdf>.

Dr. Antoine Millet, þýddi tvö smárit yfir á frönsku, *Geislar yfir kynskvísul* (saga Guðríðar Þorbjarnardóttur) og *Gamlir byggingahættir*.

4 Viðburðir

Sýningar í Minjahúsinu á Sauðárkróki voru opnaðar laugardaginn 21. febrúar í tilefni af vetrarhátíð í Skagafirði.

Boðið var upp á hina árlegu rökkurgöngu í gamla bæinn í Glaumbæ á milli klukkan 15 og 17 dagana 17.-18. desember. Á sama tíma var Áshúsið skreytt með jólas krauti, eins og gert hefur verið á jóla föstunni undanfarna tvo áratugi en þar hefur verið sýnt jólas kraut frá ýmsum tímum og af ýmsu tagi.



Jólas krautið naut sín allra best á aðfangadagskvöldi þegar Áskaffi opnaði fyrir gesti sem gæddu sér á jólaveislu að hætti ömmu og mömmu.

Auður Herdís Sigurðardóttir, kaffistofustjóri, að segja jólagestum frá siðum sem tengjast jólamat og veisluhaldi um jól. Myndin er tekin á aðfangadagskvöldi 2016.

5 Erindi, ráðstefnur, viðtöl og aðrar kynningar

Safnið er kynnt á marga vísu. Þær Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga fóru til Bandaríkjanna í apríl og kynntu þar rannsóknir og aðra starfsemi safnsins. Sigríður hélt fyrirlestur um starfsemi safnsins í Fiske Center í Massachusetts háskóla í Boston og Guðný, ásamt Dr. Kimmarié Murphy, hélt fyrirlestur um skagfirskar mannabeinarannsóknir á ársþingi Félags bandarískra fornleifafræðinga sem haldið var í Orlando.



Fyrirlestrar þessir tengdust samstarfi safnsins við UMASS Boston og Kenyon College Ohio.

Sigríður Sigurðardóttir segir frá starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga í Fiske Center í háskólanum í Massachusetts, í apríl.

Safnið, ásamt bandarísku samstarfsaðilunum, bauð íbúum Hegranness og öðrum áhugasömum á fyrirlestra um kirkju- og byggðasögurannsóknir í Hegranesi. Samkoman var í félagsheimilinu í Hegranesi, fimmtudagskvöldið 3. mars og rætt var um aðdraganda rannsókna og fyrstu niðurstöður kynntar.

Guðný Zoëga og samstarfsfélagar komu fram í þáttum um landnemana á Stöð 2 auk heimildamyndarinnar *The Vikings Uncovered* á vegum BBC. Guðný hélt einnig erindi um kirkjugarðarannsóknir safnsins á Evrópuþingi fornleifafræðinga í Vilnius í september.

Sigríður Sigurðardóttir var í þriggja í viðtölum við ameríska og íslenska fjölmiðla um sögu Guðríðar Þorbjarnardóttur og gildi hennar fyrir land og þjóð. Þar á meðal við tónlistarmanninn Jeffrey Leiser frá Kaliforníu sem var að semja óperu sem byggist á sögu Guðríðar. Sigríður hélt erindi um skrautmuni og nytjalist á 17.-18. öld fyrir tónlistarskólana á barokktónlistardagskrá sem þeir héldu í Glaumbæjarkirkju. Á degi íslenska fjárhundsins, þann 18. júlí, lagði hún til erindi um Mark Watson á málþingi í Þjóðminjasafni Íslands sem Deild íslenskra fjárhundaeigenda hélt. Þingið var helgað minningu Watsons og kynnt aðkoma hans að varðveislu íslenska fjárhundakynsins. Þá hélt Sigríður erindi í Auðunarstofu um Nikulás karlinn, eða afvegaleidda eftirmynd hans, sem orðinn er vinsæll rauðklæddur jólasveinn.

Bryndís Zoëga hélt erindi um Fornverkaskólann á vorþingi Þjóðminjasafnsins, sem haldið var í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Einar Örn Einarsson, staðarvörður á Víðimýri, kom fram í þætti á sjónvarpsstöðinni N4 þar sem hann sagði frá stað og kirkju.

Opnunartími og aðgangseyrir

Skrifstofur safnsins eru opnar öllum sem eiga erindi við starfsfólk allan ársins hring, á skrifstofutíma. Sýningar í Glaumbæ voru opnar frá 29. janúar til 30. apríl, alla sunnudaga til miðvikudaga, milli klukkan 11 og 17. Frá 1. til 19. maí var opið alla daga milli 10 og 16. Eftir það eða frá 20. maí til 20. september var opið alla daga frá 9 til 18. Frá 21. september til 20. október var opið alla daga milli 10 og 16. Utan þess tíma var opið eftir samkomulagi. Kaffistofan Áskaffi var opin frá páskum fram í október. Áskaffi opnaði dyr sínar fyrir gestum. Þetta var í annað sinn sem kaffistofan er opin á aðfangadagskvöld. Það var einnig í boði árið 2014.

Upplýsingaver og sýningar í Minjahúsinu voru opnuð þann 1. júní og þar var opið frá klukkan 12 til 19 alla daga til og með 15. september.

Víðimýrarkirkja var opin frá klukkan 9 til 18 alla daga sumars, frá 1. júní til 31. ágúst, eins og verið hefur. Og kirkjan var opin utan þess tíma eftir samkomulagi.

Aðgangur að Glaumbæ var 1500 kr. fyrir einstaklinga en 1200 kr. fyrir hópa. 0-17 ára greiða ekki aðgangseyri. Ákveðið var að hafa aðgang að Minjahúsinu á Sauðárkróki ókeypis og mæltist það vel fyrir.




Þótt mikið dragi úr gestagangi á veturna má búast við fólki alla daga ársins.

Safngestir

Ef gestir Víðimýrarkirkju eru meðtaldir tóku starfsmenn safnsins á móti 57.828 gestum á árinu 2016. Á Víðimýri voru gestir kirkjunnar 8.308, gestir í Minjahúsinu voru 4.518 og í gamla bænum í Glaumbæ voru 45.002 gestir. Þar af voru 129 grunnskólanemendur og 83 framhalds- og háskólanemendur í safnfræðslu. Um 8000 gestir munu hafa skoðað sýninguna *Annað land, annað líf – Vesturheimsferðir 1874-1918* í Vesturfarasetrinu og um 1000 manns sáu sýningu Söguseturs íslenska hestsins, sem báðar eru byggðar á munum frá Byggðasafninu. Þannig að hátt á sjöunda tug þúsunda gesta Skagafjarðar nutu þess menningararfs okkar sem felst í sögu okkar og safngripum.

Hlutfall sýningagesta eftir sýningarstöðum að meðtöldum samstarfssetrum – alls 66.828



Safnkostur, söfnun og skráningar

Í árslok 2016 voru samtals 5200 munir skráðir í safnið. Þar af voru 50 nýir og voru þeir skráðir í aðfangabók og í Sarp (www.sarpur.is). Um 500 munir eru á biðlista og bíða þess að vera samþykktir safnmunir, eða ekki, í fyllingu tímans. Tilgangurinn með biðlistanum er að kanna hvort betri eintök berast, hvort mikill fjöldi þess sama sé til, s.s. á öðrum söfnum, eða hvort þörf verður á aukaeintökum til láns eða sýninga.

Berglind Róbertsdóttir, starfsmaður safnsins við ljósmyndun og skráningar, sótti skráninganámskeið hjá Sarpi, gagnagrunni minjasafnanna sem er vistaður á sarpur.is.




Til vinstri er hægindastóll (BSk 2016-4) sem allur er útskorinn. Á hann er skorið með höfðaletri: „Hálfðan Guðjónsson-vígslubiskup-1863-1933“. Hjörtur Björnsson frá Skálabrekku, skar stólinn. Til hægri er mynd frá sýningu á Löngumýri þar sem sýnt er fallegt handverk kvennaskólastúlka um og eftir miðja 20. öld. M.a. er þar útsaumaður borðdúkur, bakkabönd, frá 7. áratugnum, handavinnupoki, ofinn borðdúkur, kjóll, bleiubuxur, stuttbuxur og smekkbuxur frá 6. áratugnum og þvottapoki frá 1960.

1 Millisafnalán

Sýningar sem byggjast á safngripum frá safninu eru í þremur húsum í Vesturfarasetrinu: Frændgarði, Nýja konungsverslunarhúsinu og Húsinu á Sandi. Safnið hefur einnig lánað safngrip til sýninga hjá Sögusetri íslenska hestsins í Gamla hesthúsinu á Hólum í Hjaltadal. Auk Söguseturs íslenska hestsins á Hólum og Vesturfarasetursins á Hofsósi eru munir í útláni á sýningu í Gestastofu sútarans og Fræðslusetrinu á Löngumýri

2 LoCloud og Europeana

Snemma árs lauk evrópsku samstarfsverkefni sem Byggðasafnið var þátttakandi í ásamt Minjastofnun og nefndist LoCloud. Markmið með verkefninu var að gera litlum menningarstofnunum kleift að gera safnkost sinn aðgengilegan á veraldarvefnum með litlum tilkostnaði. Bryndís Zoëga skráði gögn úr nokkrum fornleifarannsóknnum Byggðasafnsins í Sarp (www.sarpur.is) og í framhaldi voru þær fluttar í samevrópskt gagnasafn sem nefnist Europeana (europeana.eu) en þar er að finna gagnasöfn af ýmsu tagi, víðsvegar að úr Evrópu, allt frá tónlist til íslenskra torfveggja.



Skjásnot af ljósmynd frá rannsókn Byggðasafnsins og Byggðasögu á Spáná í Unadal á:
http://www.europeana.eu/portal/en/record/2058638/adfang_aspx_AdfangID_1542529_fancy_true.html?q=torf.

Óvissa í húsnæðismálum

Í apríllok var safnstjóra, Sigríði Sigurðardóttur, kynnt áform um makaskipti á Gránu Aðalgötu 21 a-b og Minjahúsinu á Aðalgötu 16b þar sem safngeymslur, sýningar og skrifstofur eru til húsa. Húsin á Aðalgötu 21 eru töluvert stærri að flatarmáli en Minjahúsið en þau eru illa farin og ónýtanleg fyrir safnið nema mikið viðgerð og aðlöguð að starfsemi þess. Þann 1. júlí var samþykkt á fundi Atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar að því ætti „að beina til byggðarráðs að gerður verði samningur við Kaupfélag Skagfirðinga um makaskipti á Aðalgötu 16b (Minjahúsið) og Aðalgötu 21-21a (Gamla samlagið að fyrrverandi Iðju meðtalinni og Grána) með það í huga að nota húsnæðið undir starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga á Sauðárkróki“.¹ Fornleifadeild Byggðasafnsins fékk tímabundið leyfi til að nota syðsta hlutann (Aðalgötu 21b) undir rannsóknir og þökkun á mannabeinum sem komu upp úr kirkjugarði í Keflavík sumarið 2016 en hugmyndin var að starfsemi fornleifadeildar myndi flytjast í það húsnæði. Í lok árs höfðu engar ákvarðanir verið teknar um húsnæðismál eða flutning safnsins milli húsa og sú óvissa var farin að hafa neikvæð áhrif á starfsemi þess.

¹ Fundargerð frá 1.7. 2016, tilvísun nr. 1606281. Sjá: <http://www.skagafjordur.is/is/stjornsysla/skipulag/-fundargerdir/atvinnu-menningar-og-kynningarnefnd/3261>. Sótt. 5.2.2017.

Handhafi íslensku safnaverðlaunanna

Byggðasafn Skagfirðinga hlaut íslensku safnaverðlaunin í júlí. Þetta er í annað sinn sem safnið er tilnefnt til safnaverðlaunanna, Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafn og sýningin Sjónarhorn sem er í Safnahúsinu við Hverfisgötu voru einnig tilnefnd til verðlaunanna. Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS), standa að safnaverðlaununum og veita þau viðurkenndu safni fyrir framúrskarandi starfsemi. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár. Almennir, stofnanir og félagsamtök senda inn ábendingar um safn eða einstök verkefni á starfssviði safna sem þykja til eftirbreytni og íslensku safnastarfi til framdráttar.

Í umsögn með tilnefningu segir:

„Starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga er fjölbætt og metnaðarfull. Þar er fagmannlega að verki staðið og hver þáttur faglegs safnastarfs unninn í samræmi við staðfesta stefnu og starfsáætlanir. Í safninu er ríkulegur safnkostur sem safnast hefur allt frá stofnun þess árið 1952 og um þessar mundir beita starfsmenn aðferðum við söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun sem mæta kröfum samtímans um safnstörf. Byggðasafnið leggur áherslu á að rækta samstarf við stofnanir og fyrirtæki heima og heiman. Sú samvinna og samþætting skipar safninu í flokk með fremstu safna á Íslandi í dag.

Öflugar og sérhæfðar rannsóknir safnsins varpa ljósi á mannauð sem það býr yfir og sýna fram á hvers byggðasöfn eru megnug þegar þau hafa náð viðurkenndum sessi. Í safninu fara fram rannsóknir á safnkostinum auk víðtækra fornleifarannsókna í héraðinu, oft í alþjóðlegu samstarfi. Skráning, kennsla og rannsóknir á starfssviði safnsins hafa enn frekar víkkað út starfssvið safnsins og birtast m.a. í gegnum Fornverkaskólann og byggingarsögu-rannsóknir. Gefnar eru út rannsóknaskýrslur og sýningaskrár sem eru jafnframt aðgengilegar í gagnabanka á vefsíðu safnsins. Starfsemi safnsins nær langt út fyrir eiginlega staðsetningu þess. Sýningar þess eru víðar um héraðið en í höfuðstöðvunum að Glaumbæ, s.s. sýningin í Minjahúsinu á Sauðárkróki og aðalsýning í Vesturfarasetrinu á Hofsósi, sem einnig er dæmi um samstarfsverkefni undir faglegri handleiðslu byggðasafnsins. Samstarf við skóla, uppeldisstofnanir og fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem og samstarf í miðlun og sýningagerð sýnir hvernig safn getur aukið fagmennsku í sýningagerð, ferðaþjónustu og miðlun menningararfs.

Safnið hefur á að skipa hæfu starfsfólki sem með vökulum áhuga og metnaði hefur tekið að skipa safninu í flokk með þeim fremstu sinnar tegundar á Íslandi².



Þann 13. júlí 2016 afhenti þáverandi forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Byggðasafni Skagfirðinga Íslensku safnaverðlaunin, sem veitt eru framúrskarandi safni annað hvert ár.

² <http://safnmenn.is/frettir/2763>. Sótt 3.3.2017.



Myndin er af hesthúsunum/fjárhúsunum „suður og niður“ á Tyrfingsstöðum vorið 2016 áður tóftin var hreinsuð. Við brekkurætur sjást rústir fjárhúsa sem heita Pálshús og efstur stendur bærinn.

Tyrfingsstaðaverkefnið og Fornverkaskólinn

Tyrfingsstaðaverkefnið gengur út á að bjarga gömlu torfhúsunum á Tyrfingsstöðum á Kjálka og læra af þeim um leið. Mörg húsanna voru fallin áður en aðgerðið hófust 2008. Fyrsta verk við hvert niðurfallið hús er að meta hve mikið þarf að fjarlægja, hvað hægt er að sjá og læra af viðum og torfi sem eftir er og hvort þarf að nota uppgriftaraðferðir fornleifafræðinga, áður en uppgerð eða viðgerð hefst. Allt er ljósmyndað og mælt og rannsakað vel og vandlega áður en nokkuð annað er að gert. Afla þarf samskonar efnis svo að húsmyndin haldist eins og hún var.

Vorið 2016 stóð val á milli Pálshúsa eða húsanna „suður og niður“ fyrir torfhleðslunámskeið á Tyrfingsstöðum. Ákveðið var í samráði við ábúendur að byrja á húsunum „suður og niður“, sem voru síðast notuð sem hesthús en þar áður sem fjárhús. Þau eru tveggja ása með garða fyrir miðju og er steipt sauðfjárbaðker í enda hans. Annars er allt húsið hlaðið úr torfi og grjóti og með einfaldri grind. Snemma vors hreinsuðu Helgi Sigurðsson hjá Fornverki, Sigurður Björnsson á Tyrfingsstöðum og Bryndís Zoëga, verkefnisstjóri Fornverkaskólans, út úr húsunum og gerðu þau klár fyrir viðgerð. Þá var torf stungið og rist til að nota í húsin.

Haldið var námskeið dagana 7.-9. júní fyrir 10 Skota, fagfólk á ýmsum sviðum menningargeirans. Námskeiðið byggðist upp á fyrirlestrum, vettvangsferðum og þriggja daga torfhleðslunámskeiði á Tyrfingsstöðum. Að námskeiði loknu þurftu þátttakendur að skila skýrslum og má nálgast þær á vefsíðu verkefnisins á <http://archnetwork.org/-category/reports/iceland-net-2016/>. Bryndís Zoëga, verkefnisstjóri Fornverkaskólans, sá um undirbúning og skipulag námskeiðs og var auk þess fararstjóri þá daga sem hópurinn dvaldi á Íslandi. Námskeiðið var hluti af evrópsku samstarfsverkefni sem við höfum verið þátttakendur í frá árinu 2012. Námskeiðið var styrkt af Erasmus+ og Uppbyggingasjóði Norðurlands vestra og var haldið í samstarfi við Archnetwork.

Á námskeiðinu voru hlaðnir austur og vestur veggir og suður gafl hússins en á honum eru bogadregnar dyr sem liggja yfir í heytóft sem var sunnan við húsin. Þetta var í fyrsta sinn sem hlaðnar voru bogadyr á námskeiðum Fornverkaskólans og var það sérstaklega áhugavert verkefni.

Efri myndin var tekin árið 1994, sú neðri eftir námskeiðið sumarið 2016. Suðurveggur og tóftardyr voru upp hlaðin eins og þau voru áður en húsin féllu. Eins og sést, í gegnum dyrnar, er steypa baðkerið á sínum stað.



Í nóvember var svo baðstofan þiljuð utan og innan og nýir gluggar settir á suðurhliðina.



Myndin t.h. sýnir nýtt þil og glugga á baðstofunni.



Ný viðvörðunarskilti voru sett í sundin á gamla bænum í Glaumbæ og hafa sannað gildi sitt. Flest fólki virðir bann um að þríla upp á þök bæjarins.



Garðveggur milli kirkjugarðs og safnlóðar var endurhlaðinn sumarið 2016.

Ýmis verkefni, viðhald, samstarf og þjónusta

- ✓ Sett voru ný viðvörðunarskilti í sund bæjarins til að reyna að koma í veg fyrir að fólk prílaði upp á bæinn honum og sér til óbóta.
- ✓ Blásturskerfi það sem þjónar gamla bænum í Glaumbæ þarf stöðugt viðhald og þurfti t.d. að endurnýja þrýstiloka á kerfinu. Kerfið þarf stöðugt eftirlit og viðgerðir því ekkert má bila í því. Kerfið heldur bænum frostfríum og þokkalega þurrum árið um kring og er forsenda þess að hægt sé að hafa sýningargripi inni í bænum allt árið.
- ✓ Slæm aðkoma fyrir fólk í hjólastólum að gamla bænum í Glaumbæ varð fréttæfni fjölmiðla. Tilkynningu þess efnis er að finna á heimasíðu safnsins. Þar segir: *Fólk í hjólastólum getur ekið að bænum á bílum sínum, sé þess óskað, en hjólastólar komast því miður ekki inn í bæinn* (sjá <http://www.glaumbaer.is/is/safnid>). Betur getum við því miður ekki gert þar sem bæði er bratt að bænum og óslétt og innandyr eru allar dyr afar þröngar.
- ✓ Garður á milli kirkjugarðs og safnlóðar var endurhlaðinn og hækkaður til að minnka áhættu á að fólk træðist yfir hann og hlið milli safnlóðar og bílastæðis kirkjunnar var fjarlæggt. Í staðinn fékkst leyfi til að setja göngugat á vegginn, milli safnlóðar og kirkjugarðs, svo að fólk komist að stytta Guðríðar Þorbjarnardóttur og Snorra Þorfinnssonar, sem er í kirkjugarðinum. Sömu leiðis fara safngestir oft að leiði Miklabæjar-Solveigar sem hefur legið í Glaumbæjarkirkjugarði frá 1938. Sókarnefnd og sóknarprestur fóru fram á að kirkjan fengi hlutdeild í aðgangseyri í gamla bænum, að safnið greiddi leigu af bílastæði kirkjunnar og tæki þátt í hirðingu kirkjugarðsins. Safngestir nota bílastæði kirkjunnar þegar bílastæði safnsins eru yfirfull og ganga um kirkjugarðinn jafnt og sóknarbörnin. Óskum um hlutdeild í aðgangseyri og leigugjöld fyrir bílastæðið var hafnað en safnið tók þátt í að fjármagna umhirðu kirkjugarðsins.

- ✓ Safnið er í samningsbundnu samstarfi við ýmsa aðila. Rekstrarsamningur er við Þjóðminjasafn Íslands um Víðimýrarkirkju og gamla torfbæinn í Glaumbæ. Safnið er með samninga um lán safnmuna til sýninga við Vesturfarasetrið og Sögusetur íslenska hestinn, samstarfsyfirlýsing er við FNV og Hólaskóla um Fornverkaskólaverkefnið, samningur er við Kristínu Jóhannsdóttur á Tyrfingsstöðum um afnot af torfhúsum til námskeiðahalds og við A. Herðísi Sigurðardóttur um Áskaffi. Samningur er við Massachusetts háskóla í Boston (Fiske Centre) um fornleifarannsóknir í Skagafirði. Samið var við Braga Skúlason, trésmíðameistara og Helga Sigurðsson torf- og grjóthleðslumeistara um ritun kafla í 3. Rit Byggðasafns Skagfirðinga, sem mun fjalla um Tyrfingsstaðaverkefnið og varðveislusamningur er við Náttúrfræðistofnun Íslands um hvítabjörn, sem er í sýningu í Minjahúsinu.
- ✓ Í aðstöðuhúsum á Víðimýri var ofnum skipt út og vegmerkingar voru bættar. Borið hafði á því að fólk lenti í vandræðum ef það ætlaði að beygja of sunnarlega inn á bílastæði kirkjunnar og lenti þá á bröttum vegkantinum og vóg salt á honum.
- ✓ Nokkur undanfarin ár hefur safnið skotið skjólshúsi yfir hóp sem les Sturlungasögur sér til gagns og ánægju. Hópurinn las alla sunnudagsmorgna í febrúar til mars og aftur í nóvember.
- ✓ Vilhjálmur Steingrímsson, á Hofsósi, hannaði og smíðaði söðlaslár fyrir geymsluna.



Söðla-, hnakkaslárnar eru sniðnar að Ísoldarhillukerfinu, sem notað er í safngeymslunum.



Kirkjugarðurinn í Keflavík séður frá flygildi í lok uppgrafar í ágúst 2016.

Starfsemi Fornleifadeildar

Að vanda voru fjölbreytt verkefni á borðum fornleifadeildar safnsins, bæði útseld þjónustuverkefni og rannsóknarverkefni. Lesa má um verkefni deildarinnar í útgefnum skýrslum í gagnabanka á heimasíðu. Hér verður sérstaklega fjallað um þrjár stærstu rannsóknirnar.

1 Skagfirska kirkju- og byggðasögurannsóknin

Skagfirska kirkju- og byggðasögurannsóknin (Skagafjörður Church and Settlement Survey) miðar að því að kanna landnotkun og byggðapróun frá landnámi fram um 1300 með sérstakri tengingu við kirkjusögu. Þessi rannsókn fer fram á Hegranesi. Rannsóknin er unnin í samstarfi við bandarískar háskólastofnanir og hefur hún hlotið veglega styrki úr bandarískum rannsóknarsjóðum og Fornminjasjóði. Þetta sumarið voru minjar rannsakaðar á Ríp, Hamri, Ketu, Egg, Hellulandi og Utanverðunesi. Auk þess voru gerðar jarðsjármælingar og borkjarnarannsókn á hinum friðlýsta Hegranesþingstað í samstarfi við Minjastofnun Íslands. Hluti af verkefninu er einnig heildar uppgröftur 11. aldar kirkjugarðs í Keflavík í Hegranesi. Annað verkefni tengt kirkjurannsókninni er doktorsrannsókn Kathryn Catlin á fornbylum og öðrum byggðaleifum sem finna má í úthögum.

Fjöldi könnunarskurða og mörg þúsundir borkjarnar voru teknir, stór svæði voru mæld með ýmiskonar jarðsjármælingartækjum auk þess sem grafnar voru upp 30 grafir og lokið við uppgröft kirkju í Keflavík. Nú er unnið að úrvinnslu gagna úr rannsóknunum.

Alls tóku 17 manns þátt í byggðasögurannsókninni og sjö manns í uppgræftrinum í Keflavík. Við fengum enn á ný frábærar viðtökur íbúa í Nesinu sem hafa sýnt okkur bæði þolinmæði og mikla hjálpssemi.



Doktorsneminn Kathryn (Kat) Caitlin í skurði sem tekinn var í öskuhaug fornbylisins Kots í landi Hellulands. Til hægri er mynd af forlata beinprjóni með útskornu dýrshöfði sem fannst í skurðinum.



T.v. er Katy Wagner, fornleifafræðinemi, við uppgröft á beinagrind í kirkjugarðinum í Keflavík. T.h. stendur Margrét Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur, við 11. aldar Keflavíkurkirkjugarðsvegginn.

2 Strandminjaskráning

Ljóst er að fjöldi minja á og við strendur Skagafjarðar liggja undir skemmdum eða eru horfnar vegna aukins ágangs sjávar. Lokið var við skráningu strandminja í Skagafirði á árinu. Í þessum síðasta áfanga voru skráðar minjar meðfram strandlínunni frá Hrauni á Skaga í norðri að Fossi. Þar með er lokið skráningu á öllum jörðum sem eiga land að sjó frá Hrauni í Fljótum að Hrauni á Skaga. Verkefnið hefur staðið yfir frá árinu 2013 og hefur öll árin hlotið styrki úr Fornminjasjóði. Skýrsluna, sem og aðrar skýrslur um verkefnið, má finna í gagnabanka á heimasíðu Byggðasafnsins.

3 Eyðibygðarannsóknir

Undanfarin 13 ár hafa starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga verið í samstarfi um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, undir merkjum verkefnisins *Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar*. Alls hafa 1032 staðir verið rannsakaðir með könnunarskurðum eða kjarnaborum en þar fyrir utan hafa fjölmargar minjar verið mældar upp. Rannsóknirnar hafa bætt miklu við fyrirbyggjandi þekkingu á aldri, gerð og legu elstu byggðaleifa í héraðinu.



Horft eftir endilangri skálatóft í landi Sléttu í Fljótum. Þetta er einn þeirra fornu skála sem hafa fundist við byggðasögurannsóknir en engar heimildir eru til um. Ef til vill var þarna upphafs-bæjarstæðið á Sléttu en þessi skáli virðist hafa verið aflagður um 1100.

Sumarið 2016 voru alls 25 staðir skoðaðir í Sléttuhlíð og Fljótum, þar með talinn 11. aldar kirkjugarður á Sléttu í Fljótum og einir fimm áður óþekktir skálar frá fyrstu öldum byggðar. Rannsóknin var unnin með styrk úr Fornminjasjóði. Skýrsluna, sem og aðrar skýrslur um verkefnið, má finna í gagnabanka á heimasíðu Byggðasafnsins.

Styrkir

Safnið naut styrkja úr sex opinberum sjóðum. Þar af einum erlendum.

Hver styrkti	Til hvers	upphæð
Húsafriðunarsjóður	til Tyrfingsstaða og Áshúsmálningar	1.500.000
Uppbyggingarsjóður NV	til útgáfu, ritunar og námskeiðahalds	800.000
Fornminjasjóður	til strandminjaskráninga og fornleifarannsókna	4.300.000
Menningarsjóður KS	til útgáfu smárita	200.000
NSF (National Science Foundation)	til kirkju og byggðasögurannsókna (SCASS)	4.405.781
Safnasjóður	til reksturs, ritunar, ljósmyndunar og skráninga	2.300.000
Safnasjóður	íslensku safnaverðlaunin	1.000.000
		<u>14.505.781</u>